

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

27. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 15. janúar 2018

kl. 17:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja b.s Hringbraut 125.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Jóhann S. Sigurbergsson, Sigrún Árnadóttir, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð

Formaður setur fundinn.

1. Bréf frá Lífeyrissjóðinum Brú.

* Lagt fram bréf frá Lífeyrissjóðnum Brú en í því er greint frá samkomulagi á uppgjóri á hlutdeild Brunavarna Suðurnesja bs á lífeyrisskuldbindingum. Stjórn samþykkir að heimila slökkviliðsstjóra að greiða skuldina.

2. Úttekt Mannvirkjastofnunar á B.S 19.09.2017.

* Mannvirkjastofnun hefur lokið við gerð úttektar á Brunavörnum Suðurnesja bs. 2017. Í bréfi Mannvirkjastofnunar eru engar athugasemdir gerðar við starfsemi eldvarnareftirlits eða slökkviliðs. Stjórnin þakkar stjórnendum og starfsmönnum fyrir frábær vinnubrögð og til hamingju með niðurstöðu Mannvirkjastofnunar.

3. Húsnæðismál.

* Farið yfir málefni nýrrar slökkvistöðvar við Flugvelli 29.

4. Uppgjör síðustu 10 mánaða.

* Uppgjör fyrstu 10 mánuði fjárhagsársins 2017, lagt fram til kynningar. Rekstur samkvæmt áætlun.

5. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

* Stjórnendur undirrituðu viljayfirlýsingu um aðgerðir gegn einelti, kynferðilegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum á morgunfundi Vinnueftirlitsins sem haldinn var á Grand Hótel, miðvikudaginn 10 janúar s.l.

- Slökkviliðsstjóri staðfestir að unnið sé að nýrri brunavarnaráætlun fyrir árin 2018 - 2022

6. Starfsmannamál.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

* Á fundinum var kynnt hugmynd um menntun sjúkraflutningsmanna. Um er að ræða „Parameticnám“ sem að mestu leiti er sótt til Bandaríkjanna. Stjórnin fagnar áttakinu og felur slökkviliðsstjóra að vinna áfram að málinu.

7. Ákvörðun um fundartíma 2018.

* Lagt er til að fundartímar séu á mánudögum kl.08:15
Ársfundur verður 16. apríl 2018

8. Önnur mál: enginn önnur mál.

Fundi slitið kl.